

**Sp.**

### **431. Tillaga til þingsályktunar**

um heimild fyrir ríkisstjórnina til kaupa á efni í Reykjanesrafveituna.

Flm.: Guðmundur Í. Guðmundsson.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að verja fé úr ríkissjóði á þessu og næsta ári til kaupa á efni til að fullgera Reykjanesrafveituna svo og aðalspennistöðvar þessarar rafveitu og í háspennuveitur um þorpinn á Suðurnesjum.

#### **Greinargerð.**

Svo sem fram hefur komið hér á Alþingi áður, hefur það verið eitt mesta áhugamál Suðurnesjabúa nú um skeið að verða aðnjótandi rafmagns frá Sogsvirkjuninni til heimilisþarfa og iðnaðar. Árið 1942 var talið, að fengið væri fyrirheit í Bandaríkjunum fyrir efni í rafveitu um Reykjanes, og ef allt hefði gengið svo sem áformað var, hefði Reykjanesrafveitan átt að vera fullgerð nú. Þegar til kom, fékkst ekki leyfi í Bandaríkjunum fyrir efni í þessa rafveitu að undanteknu því, sem talið var fullnægjandi til að koma Keflavík og Njarðvíkum í samband við Sogsveituna. Aðrir staðir á Suðurnesjum, svo sem Grindavík, Garður, Miðnes, Hafnir og Vatnsleysuströnd, voru settir til hliðar og talið óframkvæmanlegt að útvega leyfi fyrir efni í rafveituna, að því er til þeirra tók. Þetta þótti þeim, sem þannig urðu útundan, ekki góð málalok, og hefur því verið unnið að því að útvega leyfi í Bandaríkjunum fyrir efni einnig í þann hluta Reykjanesrafveitunnar, sem eftir varð haustið 1943, er lausnin fékkst á máli Keflvíkings, og er nú svo komið, að því er sendiráðið í Washington símar utanríkisráðuneytinu hér, að ástæða er til að ætla, að framhaldsleyfi muni nú fást til Reykjanesrafveitunnar, ef um það verður sótt.

Þegar leyfið var veitt í Bandaríkjunum fyrir efninu í Keflavíkurráfveituna; heimilaði Alþingi ríkisstjórninni að verja fé úr ríkissjóði til kaupa á efninu. Leitaði ég þá eftir því, að þessi heimild yrði einnig látin taka til efnis í aðra hluta Reykjanesrafveitunnar, en því var synjað. Þess í stað veitti þingið ríkisstjórninni almenna, tímabundna heimild til kaupa á rafveituefni, og er sú heimild nú niður fallin. Nú, þegar líkur eru fyrir því, að efnið í framhald Keflavíkurráfveitunnar sé fáanlegt, er því engin heimild til fyrir ríkisstjórnina til kaupa á þessu efni, og er því tillaga þessi borin fram.